BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS
Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: http://www.press.is
STOFNAÐ 1897

# Tillaga að reglugerð fyrir Neyðarsjóð Blaðamannafélags Íslands

1. Sjóðurinn heitir Neyðarsjóður Blaðamannafélags Íslands.
2. Sjóðurinn er undirsjóður félagssjóðs BÍ.
3. Stjórn BÍ fer með stjórn sjóðsins, en getur falið stjórn styrktarsjóðs BÍ að fara með ákveðna þætti valds síns.
4. Hlutverk sjóðsins er að bregðast við í viðlögum þegar félagið eða sjóðir þess búa ekki yfir öðrum úrræðum.
5. Skilyrði úthlutunar er að um neyð sé að ræða og að önnur augljós úrræði séu ekki fyrir hendi.
6. Sjóðurinn getur einnig lánað félagsmönnum gegn framsali krafna sem þeir kunna að eiga á atvinnurekendur, sem eru í rekstrarerfiðleikum og við það að fara í þrot. Í þeim tilvikum þarf krafa að vera vafalaus og í flestum tilvikum baktryggð með ábyrgð í Ábyrgðarsjóði launa.
7. Ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum eru ekki persónugreinanlegar í ársreikningum félagsins. Þær eru það hins vegar í fundargerðum stjórnar og styrktarsjóðs.
8. Höfuðstóll sjóðsins er 10 milljónir kr.

Samþykkt á stjórnarfundi 16. júní 2017

Union of Icelandic Journalists - Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Tel. +354 553 9155, Telefax +354 553 9177
E-mail: bi@press.is - Internet: http://www.press.is
Member of International Federation of Journalists - Medlem af Nordiska Journalistförbundet